

Skólanefndarfundur 13. Júní 2016.

Fundur haldinn í skólanefnd Framhaldsskólans á Laugum 13. Júní 2016 í kaffistofu starfsmanna skólans.

Mættir allir aðalmenn í skólanefnd ásamt með skólameistara Sigurbirni Árna og fulltrúa kennara Jóhönnu Eydísi.

1 Ársreikningur og ársskýrsla lögð fram og voru engar athugasemdir gerðar en halli ársins 2.4 milljónir helgast af launahækkunum og minni húsaleigutekjum.

2 Ársreikningur Framkvæmdasjóðs.

Ársreikningur lagður fram.

3 Fjármál skólans.

Fram kom að skólinn fékk aukaframlag vegna fámennra skóla upp á 10.4 milljónir og einnig 5 milljónir vegna Vopnafjarðar. Vegna þessa aukaframlags er vonast til að unnt verði að gana verulega á skuldahala skólans við ríkið.

4 Umsóknir/Inntaka.

18 nýnemaumsóknir hafa borist og stefnir því í að á næstu haustönn verði 90-95 nemendur en á nýliðinni vorönn voru 115 nemendaígildi kláruð.

5 Samvinna skóla á NA-landi.

Slík samvinna hefur nánast strandað á því að engir fjármunir hafa verið settir í verkefnið þrátt fyrir góð orð um annað frá ráðherra. Skólameistarar FL og FSH áforma að hittast bráðlega ásamt með framkvæmdastjóra verkefnisins Svanfríði Jónasdóttur frá Dalvík.

6 Ríkisendurskoðun.

Borist hafa drög að bréfi frá Ríkisendurskoðun varðandi ársteikning fyrir 2015 og eru þar óverulegar athugasemdir.

7 Starfsmannahald.

Bjarney Guðrún Jónsdóttir hefur verið ráðin verkefnisstjóri við Framhaldsskóladeildina á Vopnafirði. Kristján Snæbjörnsson hefur verið ráðinn húsvörður í fullu starfi. Í auglýst starf ritara hefur ekki verið ráðið en verður gert innan mjög skamms tíma. Um það starf liggja fyrir 5 umsóknir.

8 Húsnæðismál skólameistara.

Umræður urðu nokkrar og skólameistari bindur vonir við að þar finnist viðunandi lausn til framtíðar.

9 Skólinn fékk viðurkenningu sem hástökkvari ársins í vali á stofnun ársins v/2016. Ákveðið að skólameistari fari á ráðstefnu skólastjórnenda í Hollandi í október n.k.

Hótelhald hér hefur nú verið auglýst frá 2017 bæði fyrir FL og Tröllastein og eru í gangi viðræður við umsóknaraðila. Þá kom fram að Margrét Hólm Valsdóttir hefur sótt um lausn frá starfi í skólanefnd FL svo fljótt sem verða má.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið.

Erlingur Teitsson, Jóhanna Eydís Þórarinsdóttir, Margrét Hólm Valsdóttir, Guðrún Tryggvadóttir,
Dagbjört Jónsdóttir, Guðrún M Valgeirsdóttir, Sigurbjörn Árni Arngrímsson.